

Nd.

87. Frumvarp

til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Að fengnu samþykki sóknarprests skal ríkisstjórninni heimilt að selja

Eskifjarðarhreppi þann hluta Hólmalands, sem liggur norðan við Hólmaháls, ásamt Hólmanesi og öllu því landi, sem liggur austan túns á Hólmum, milli fjalls og fjöru, þó að undanteknu varplandi staðarins, og lætur ríkisstjórnin ákveða landamerki milli prestssetursins og hins selda lands.

2. gr.

Um mat á því, sem selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir farið þess á leit að fá keypt prestssetrið Hólma í Reyðarfjarðarhreppi, eða að minsta kosti nokkurn hluta þess, til landnáms, ræktar og beitar fyrir íbúa kauptúnsins.

Landsnytjar í Eskifjarðarhreppi eru mjög takmarkaðar. Land hreppsins tekur yfir 2 fornar, litlar og landkostarýrar hjáleigur frá jörðinni Eskifirði, Bleiksá og Lambeyri, og stendur þó nokkur hluti kauptúnsins í landi Svínaskála, sem liggur undir Helgustaðahrepp. Land til ræktar og beitar er löngu þrotið á fyrnefndum hjáleigum, og verða íbúar kauptúnsins því að sækja flestar landsnytjar til nágrannajarðanna, sem liggja í Helgustaða- og Reyðarfjarðarhreppum, þar sem þó er af litlu að miðla.

Gegnt Eskifjarðarkauptúni liggur Hólmaströnd og Hólmanes, þar sem bæði er mikið land til ræktunar fallið og stórt beitar svæði.

Land þetta liggur undir prestssetrið Hólma, en virðist nytjalítið orðið fyrir ábúanda Hólma síðan hætt var sauðrækt og fráfærum. Er eigi sjáanlegt, að Hólmaprestar missi mikils í, þótt land það verði selt, sem frv. þetta ræðir um. Hinsvegar er engin opinber landareign til þarna nærlendis önnur en Hólmar, sem hægt er að selja eða leigja Eskifjarðarhreppi, en eigendur næstu jarða við kauptúnið eru ófúsir til að selja lönd sín.